

Fundargerð 58. fundar

verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2020, mánudaginn 14. desember kl. 10:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Steinþór Þórðarson, Ína Björk Ársælsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 57. fundar - 2009015SA

Fundargerð verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, dags. 9. nóvember sl. lögð fram til samþykktar.

Fundargerðin var samþykkt án athugasemda.

2. Framtíðarsýn og áherslur í úrgangsmálum - 2011013SA

Málið var rætt á síðasta fundi verkefnisstjórnar og ákveðið að vinna málið áfram á vinnufundi sem fór fram þann 23. nóvember sl. Lögð fram samantekt þess fundar með sömu dagsetningu. Einnig minnisblað vinnufundar stjórnar sambandsins þann 4. desember sl. um úrgangsmál með áherslu á aukið gegnsæi úrgangsmæðhöndlunar og hlutverk Úrvinnslusjóðs. Sviðsstjóri, lögfræðingur og verkefnisstjóri á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins kynntu málið.

Verkefnisstjórnin telur mikilvægt að málið verði rætt áfram og verður erindið tekið til umfjöllunar á sérstökum vinnufundi stjórnar um málið þann 7. janúar nk.

3. Samráð umhverfis- og auðlindaráðuneytisins við sambandið - 2009105SA

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur leitað eftir samráði um gerð frumvarps um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs og stefnu ráðherra í úrgangsmálum. Sviðsstjóri og verkefnisstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins greindu frá helstu atriðum þeirra funda sem haldnir hafa verið undanfarnar vikur en búast má við að frumvarpið og stefnan verði birt í samráðsgátt stjórnvalda áður en langt um líður.

Verkefnisstjórnin óskar eftir að starfsfólk sambandsins upplýsi stjórnina þegar gögnin eru komin í samráðsgáttina.

4. Óvissa um lögbært stjórnvald varðandi útgáfu starfsleyfis gas- og jarðgerðarstöðva - 2012014SA

Allt frá því að SORPA bs. sótti um starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöðinni GAJA til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í byrjun árs 2018 hefur ríkt óvissa um hvaða lögbært stjórnvald ætti að gefa út starfsleyfi fyrir GAJA og er enn. Lagt fram til kynningar úrskurður umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 7. júlí sl. og athugasemdir Matvælastofnunar við starfsleyfistillögu Umhverfisstofnunar dags. 30. september.

Eiður Guðmundsson staðarstjóri í Álfsnesi og starfsmaður SORPU bs. mætti á fundinn og gerði grein fyrir starfsleyfisgerð GAJU.

Verkefnisstjórnin telur ljóst er að leita þarf leiða til að fá botn í hver hefur það hlutverk að gefa út starfsleyfi fyrir stöðina sem fyrst. Ætlunin er að ræða málið á fundi Umhverfisstofnunar, Matvælastofnunar og Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða og er það von stjórnar að málið skýrist á þeim fundi. Það hlýtur að vera sjálfsögð krafa sveitarfélaga að lagaumgjörðin sé einföld þegar kemur að starfsleyfisumsóknum og að reglugerðir stangist ekki á.

5. Förgun dýra og sýktra dýrahæja - 2009208SA

Nýlega kom upp riða í fé í Skagafirði sem þurfti að farga sem reyndi á innviði úrgangsmála í landinu. Sorpbrennslustöðin Kalka, sem er ein sinnar tegundar á landinu, átti í erfiðleikum með að taka við slíku magni sýktra dýrahæja. Matvælastofnun ber ábyrgð á förgun sýktra dýrahæja og sveitarfélög skulu sem annast förgunina.

Gunnar Þorgeirsson formaður Bændasamtaka Íslands og Karvel L. Karvelsson hjá Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins mættu á fundinn og sögði frá samskiptum þeirra við Matvælastofnun um málefni er varða förgun dýra og sýktra dýrahæja.

Verkefnisstjórnin þakkar Bændasamtökum Íslands og Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins fyrir að vekja máls á þeirri stöðu sem upp er komin varðandi meðhöndlun sóttmengaðs úrgangs og lýsir yfir vilja til frekara samstarfs um málið.

6. Erindi Landverndar um bættu úrgangsstjórnun og aukna endurvinnslu - 2012006SA

Lagt fram bréf Landverndar til sambandsins og fleiri aðila, dags. 2. desember sl., þar sem farið er yfir umfjöllun fjölmiðla að undanfögnu varðandi raunráðstöfun plastefna og annarra endurvinnslufna. Landvernd telur stöðuna óviðunandi og þörf á róttækum breytingum til að færa málinn í betra horf og hvetur atvinnulífið og sveitarfélögin til að aðhafast í málinu.

Tryggvi Felixson formaður og Auður Önnu Magnúsdóttir framkvæmdarstjóri Landverndar mættu á fundinn og kynntu bréf samtakanna og þær leiðir sem þau telja farsælar til aukins árangurs í úrgangsstjórnun og lágmörkun úrgangs.

Verkefnisstjórnin þakkar Landvernd fyrir að koma á fundinn og fyrir samtalið um bættu úrgangsstjórnun og lýsir sig reiðubúna til áframhaldandi samráðs um málið.

7. Innheimta eftirlitskostnaðar Umhverfisstofnunar - 2009253SA

Málið var rætt á síðasta fundi verkefnisstjórnar þar sem óskað var eftir að stjórnin

fengi upplýsingar um áframhaldandi vinnslu málsins á næsta fundi. Sviðstjóri og verkefnisstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins sögðu frá fundi með stofnuninni þann 12. nóvember sl. Lagt var fram minnisblað fundarins með sömu dagsetningu.

8. Samstarf um bætta úrgangstölfræði - 2009106SA

Málið var síðast á dagskrá verkefnisstjórnar 7. september sl. Verkefnisstjórnin lagði til á fundi sínum 20. maí að verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála hjá sambandinu, Freyr Ævarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson sætu vinnuhóp sambandsins og Umhverfisstofnunar um bætta úrgangstölfræði fyrir hönd sambandsins. Fulltrúi Umhverfisstofnunar er Birgitta Stefánsdóttir. Vinnuhópurinn hefur fundað reglulega og lögð var fram fundargerð síðasta fundar, dags. 18. nóvember sl.

Fulltrúar sambandsins í vinnuhópnum sögðu frá fundum hópsins og framgangi málsins. Umhverfisstofnun er að styrkja vinnu við úrgangstölfræði hjá sér og líkur eru á að niðurstaða fáist fljótlega á nýju ári hvort fjármagn fæst til verkefnis um bætta úrgangstölfræði fyrir landið allt í gegnum umsókn Umhverfisstofnunar og Hagstofunnar til Eurostat.

9. Önnur mál - 2009111SA

1. Námskeið um endurnotkun

Sitjandi formaður verkefnisstjórnar sagði frá námskeiði evrópsku samtakana RREUSE sem hann og verkefnisstjóri sátu nýverið um aukna endurnotkun.

2. Gjaldskrár sveitarfélaganna fyrir meðhöndlun úrgangs

Rætt var um gjaldskrár og upplýsingar um þær fyrir landið allt. Verkefnisstjóri mun senda verkefnisstjórninni gögn um málið.

Fundi var slitið kl. 12:30

Steinþór Þórðarson

Ína Björk Ársælsdóttir

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Guðmundur Tryggvi Ólafsson